

Frekari gögn vegna umsóknar um starfsleyfi

Varðandi frekari upplýsingar vegna umsóknar um starfsleyfi :

Mjöl-og lýsisverksmiðja Vinnslustöðvarinnar h/f gerir grein fyrir orkunotkun, notkun hjálparefna og spilliefnum í grænu bókhaldi verksmiðjunnar.

Hvað orku varðar notar verksmiðjan gufu til varmayfirflutning að vinnslutækjum. Verksmiðjan getur framleitt gufu með rafmagni og/eða olíu. Rafmagn er notað að því marki sem það er hægt, en bæði er rafaflíð takmarkað sem tiltækt er og einnig er verksmiðjunnin skylt að hafa nægilega olíubrennslu í gangi til að brenna lyktandi efnunum úr vinnslulofti samkvæmt starfsleyfi. CO₂ og SO₂ í brunagösum er háð efnainnihaldi þeirrar olíu sem olíufélögin útvega á hverjum tíma. Það má benda á í þessu sambandi að íslensk stjórnvöld hafa ekki fullgyllt Evrópureglugerð um hámarks innihald brennisteins í olíu sem mundi minnka SO₂ í útblæstri.

Hvað lykt varðar vitum við ekki til að kvartað hefur verið yfir lykt frá verksmiðjunnin á seinni árum, enda hráefni unnið sem ferskast, umgengni góð og lyktheyðingarbúnaður í góðu lagi. Þessi starfsemi verður seint lyktarlaus en með góðri stjórnun á vinnslu og óskemmdu hráefni á verksmiðjan að geta unnið afurðir sínar í sátt við íbúa í Vestmannaeyjum.

Gerð er grein fyrir úrgangsefnum í grænu bókhaldi. Það sem getur flokkast undir spilliefni eru notaðar smurolíur og fita frá fituskilju. Þeim efnunum ásamt timbri og málmum komið til þeirra aðila sem taka að sér móttöku þeirra og endurnýta sem annan úrgang.

Þegar verið er að tala um frárennsli þá er annars vegar um kælisjó að ræða eða sjó/vatn sem notað er við löndun á fiski og hreinsun hrognna. Reynt er að hreinsa sem mest af fitu og þurrefni úr þessu frárennsli með þar til gerðum búnaði, enda er í frárennslinu efni sem betur nýttust í afurðir verksmiðjunnar, en búnaðurinn sem hreinsar frárennslið getur ekki náð öllu efninu, eins og verksmiðjan hefur gert grein fyrir í frárennslismælingum. Gegnum árin hefur hreinsun frárennslis verið bætt verulega og nú standa yfir enn frekari aðgerðir til að ná enn betri árangri, enda hagur verksmiðjunnar að gera afurðir úr efnunum.

Það efni sem er í frárennslinu er vatn/sjór sem hefur komist í sneringu við fisk en engum efnunum hefur verið bætt í vatnið/sjóinn nema í fiskiskipunum er stundum notuð ediksýra til að hamla örveruvexti. Þau efni sem í sjóinn fara með frárennslinu eru því aðeins efni sem eiga þar uppruna og að því sem best er vitað gera engan skaða í því magni sem þau eru.

Virðingarfyllt.

Páll R. Sigurðsson.